síðan, forseti bæjarstjórnar 1952–62, lengi bæjarráðsm. og form. hafnarn., ennfr. átt sæti í framfærslun., rafveitustjórn, fræðsluráði o. fl. nefndum bæjarstjórnar. Alþm. frá hausti 1959 (5. þm. Vestfjarðakjörd. 1959–63, 2. landskj. þm. frá 1963). Form. sjávarútvegsn. n. d. og í fjárveitingan. frá 1959. Forseti sameinaðs Alþingis frá 1963. Vararæðism. Svíþjóðar á Ísaf. frá 1958. Lengi ritstj. og ábm. Skutuls. K. 14. okt. 1944 Arndís, f. 22. maí 1921, Árnadóttir trésmíðameistara á Ísafirði Ólafssonar.

**Birgir** Guðmundur **Frímannsson,** f. 14. apríl 1926 í Rvík. For.: Frímann Ólafsson forstjóri þar og k. h. Jónína Guðmundsdóttir. Stúd. M.R. 1945. F.hl.-próf frá verkfræðideild Hásk. Ísl. 1948. Verkfræðipróf frá Tæknihásk. í Khöfn 1951. Framh.nám við Massachusetts Institute of Technology, Boston, 1954. Verkfræðingur hjá Vatns- og hitaveitu Rvíkur 1951–53, hafði yfirumsjón með rekstri og nýbyggingum vatnsveitukerfisins. Deildarverkfr. hjá flugher Bandaríkjanna á Keflavíkurflugv. 1953–55. Tæknilegur framkvstj. Byggis h.f., sem sá um viðhaldsvinnu fyrir flugher Bandaríkjanna, 1955–61. Framkvstj. og annar aðaleig. verktaka- og verkfræðifyrirtækisins Verks h.f. í Rvík frá 1961. Í stjórn Lionsklúbbs Rvíkur 1959–60. K. 10. okt. 1948 Valdís, f. 17. febr. 1928, dóttir Ragnars H. Blöndals stórkaupmanns í Rvík.

**Birgir** Ísleifur **Gunnarsson,** f. 19. júlí 1936 í Rvík. For.: Gunnar E. Benediktsson hrl. þar og k. h. Jórunn Ísleifsdóttir. Stúd. M.R. 1955. Cand. juris Hásk. Ísl. 1961. Framkvstj. Samb. ungra sjálfstæðism. í júní 1961 og síðan. Hdl. 17. maí 1962 og síðan jafnfr. unnið að lögfræðistörfum. Borgarfulltrúi í Rvík frá 1962. Á sæti í borgarráði. Form. Vöku, fél. lýðræðissinnaðra stúd., 1956–57. Form. Stúdentaráðs Hásk. Ísl. 1957–58. Form. FUS Heimdallar 1959–62. K. 6. okt. 1956 Sonja Backman, f. 26. ág. 1938, dóttir Ingimars Karlssonar málarameistara í Rvík.

**Birgir** Jóhann **Jóhannsson,** f. 27. marz 1929 á Grenivík, S.-Þing. For.: →Jóhann J. Kristjánsson héraðslæknir og k. h. Inga Guðmundsdóttir. Stúd. M.A. 1949. Nám í læknad. Hásk. Ísl. eitt ár, en hóf síðan nám í tannlæknadeild og lauk prófi þar 1956. Aðstoðartannlæknir í Rvík 1956–57, en hefur rekið þar eigin tannlækningastofu síðan í árslok 1957. K. 6. okt. 1951 Jóhanna *Ásdís,* f. 4. maí 1929, Jónasdóttir trésmíðam. á Siglufirði Guðmundssonar.

**Birgir Kjaran,** f. 13. júní 1916 í Rvík. For.: Magnús Kjaran stórkaupmaður þar og k. h. Soffía Kjaran, f. Siemsen. Stúd. M.R. 1935. Hagfræðipróf (Bac. Sc. oec.) frá hásk. í Kiel haustið 1938. Framhaldsnám við London School of Economics veturinn 1939. Frönskunám í Belgíu sumarið 1939. Sóttir fyrirlestrar í hagfræði og þjóðarétti við Sorbonnehásk. í París 1952. Skrifstofustjóri hjá Shell h.f. á Íslandi 1940–46. Forstj. við heildverzlun Magnúsar Kjaran frá 1946. Forstjóri Bókfellsútgáfunnar h.f. frá 1944. Í Fjárhagsráði. Í bankaráði Landsbanka Íslands um skeið. Form. í bankaráði Seðlabanka Íslands. Í stjórn Eimskipafélags Íslands frá 1952. Í stjórn Verzlunarráðs Íslands. Í Menntamálaráði Íslands 1956–63. Alþingismaður Rvíkur 1959–63. Í bæjarstjórn Rvíkur 1950–54. Form. Landsmálafél. Varðar 1952–55. Form. í fulltrúaráði Sjálfstæðisfélaganna í Rvík 1955–63. Í miðstjórn Sjálfstæðisfl. frá 1961. Form. í: Náttúruverndarráði, stjórn íþróttavallanna í Rvík, Ólympíunefnd Íslands, ritstjórn Frjálsrar verzlunar. Í bókmenntaráði Almenna bókafélagsins. R[1]ÞV. Heiðursmerki RK Svíþjóðar. Rit: Fagra land, Rvík 1960. Auðnustundir, Rvík 1964. Tilraunir til norrænnar samvinnu. Sósíal-líberalisminn og félagslegur markaðsbúskapur, Rvík 1959. Ísland í alþjóðlegri efnahagssamvinnu, Rvík 1952. Vegurinn til almennrar velmegunar, Rvík 1959. Hve mikil opinber afskipti eru samrýmanleg lýðræðislegu þjóðskipulagi? Rvík 1959. Veldur það vökunum? Rvík 1959. Sérpr.: Island (í Handwörterbuch der Socialwissenschaften), 1955. Um sjálfstæðisstefnuna, Rvík 1959. Frjáls verzlun, Rvík 1959. K. 1. júlí 1941 Sveinbjörg Helga, f. 8. des. 1919, Sophusdóttir Auðuns framkvæmdastj. á Siglufirði Blöndals.

**Birgir Möller,** f. 14. okt. 1922 í Rvík. For.: Tage Möller kaupmaður þar og f. k. h. Guðrún Sigríður Eiríksdóttir. Stúd. M.R. 1942. Cand. phil. Hásk. Ísl. 1943. B.A.-próf í hagfr. frá Brown-háskólanum í Providence, Rhode Island, 1945. M.A.-próf frá Fletcher School of Law and Diplomacy í Boston 1946. Starfsm. í sendiráði Dana í Ankara 1947–48. Fulltrúi í utanríkisráðuneytinu 1948–54. Sendiráðsritari í Stokkh. 1954–60. Sendiráðsritari í París frá 1960. RSN, R[1]FiHR. K. 17. des. 1960 Annie